

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 10:45 mánudaginn 09. mars 2021, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Steinunn Heba Finnsdóttir, Örn Arnarson, Þórdís Bjarnadóttir og Tómas Árdal varamaður.

Áheyrnarfulltrúar: Álfhildur Leifsdóttir SSNV og Hilda Jana Gísladóttir SSNE

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson

Formaður setti fund og fól framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

Samningar vegna áfangastaðastofu

Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu samninga vegna áfangastaðastofu. Samningamálin eru enn í vinnslu en styttist í að niðurstaða fáist.

SSNE fékk two fundi með ANR og FMS til þess að fara yfir samningsferlið og sátu þá fundi einnig fulltrúar SSNV og MN. Niðurstaðan er að ANR og FMS senda samninga til landshlutasamtakanna sem síðan gera samning við MN. MN hefur því ekki lengur sjálfstæðan samning við FMS eins og verið hefur frá upphafi starfsins.

Gert er ráð fyrir að skrifað verði undir samninga þegar landshlutasamtokin hafa lokið kynningar- og samþykktarferli hjá sér. MN er því án samnings eins og er.

Farið var yfir stöðu umsókna um stuðning og samningaviðræður vegna Íslandsstofu, Flugklasans og annarra.

Staða ferðaþjónustunnar

Stjórnarmenn ræddu stöðu ferðaþjónustunnar á Norðurlandi. Almennt ríkir bjartsýni meðal ferðaþjónustuaðila, en margir orðnir mjög þreyttir.

Nokkuð góð staða hjá gisti- og veitingaaðilum nálægt skíðasvæðum, sérstaklega á Akureyri. Greinilegt að skíðasvæðin hafa dregið Íslendinga að undanfarnar vikur og talsvert mikið um Íslendinga á ferð um Norðurland. Færri ferðamenn á jaðarsvæðum og fjær skíðasvæðunum.

Enn mikil óvissa um komandi sumarvertíð. Ekki mikið af erlendum bókunum og ef ekki koma einhverjir útlendingar er útlit fyrir erfitt sumar og vetur framundan. Vonir standa þó til að Íslendingar muni áfram ferðast um eigið land næsta sumar.

Önnur mál

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi kl 11:45

Fundarritari HPP